



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Ungir einleikarar

14. janúar 2016





MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Tónleikarnir eru hljóðritaðir af RÚV og verða sendir út sumardaginn fyrsta.

Áætluð timalengd verka:

Forleikur: 8'00

Aríur: 16'00

Flautukonsert: 18'00

Viaggio: 17'00

Sellókonsert: 30'00

Hægt er að verða sér úti um Skólakort Sinfóníunnar við Hörpuhorn á 2. hæð.

Tónleikarnir eru haldnir í samvinnu við Listaháskóla Íslands.



LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland Academy of the Arts



@icelandsymphony

#sinfó

www.sinfonia.is

Ungir einleikarar

Tónleikar í Eldborg 14. janúar 2016 » 19:30

Daniel Raiskin hljómveitarstjóri
Heiðís Hanna Sigurðardóttir einsöngvari
Sigríður Hjördís Indriðadóttir flautuleikari
Jónas Ásgeir Ásgeirsson harmonikkuleikari
Ragnar Jónsson sellóleikari

Gioacchino Rossini *Ítalska stúlkan í Alsír, forleikur (1813)*

Gaetano Donizetti *Don Pasquale (1843)*
Quel guardo il cavaliere
La fille du régiment (1840)
Chacun le sait

Franz Lehár *Giuditta (1934)*
Meine Lippen, sie küssen so heiß

Carl Nielsen *Flautukonsert FS 119 (1926)*
Allegro moderato
Allegretto – Adagio ma non troppo – Tempo di Marcia

Hlé

Gunnar Valkare *Viaggio, konsert fyrir harmonikku og strengjasveit (1996)*
Partenza
Bivio
Scene I
Scorciatoria
Scene II
Danza
Arrivo
Epilogo

Edward Elgar *Sellókonsert í e-moll, op. 85 (1919)*
Adagio – Moderato
Lento – Allegro molto
Adagio
Allegro – Moderato – Allegro ma non troppo



Einleikara- og einsöngvarakeppni Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Listaháskóla Íslands

Á hverju hausti fer fram keppni meðal ungra einleikara og einsöngvara um að koma fram á tónleikum með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Að þessu sinni fór keppnin fram laugardaginn 7. nóvember 2015 í Sölvhóli, tónleikasal tónlistardeildar Listaháskóla Íslands.

Þátttakendur í keppninni í ár voru tólf talsins og stunda þeir allir söng- eða hljóðfæranám á bakkalárstigi. Að þessu sinni báru fjórir sigur úr bítum sem koma fram á tónleikunum í kvöld.

Dómnefnd skipuðu:

Árni Heimir Ingólfsson, tónlistarfræðingur (formaður), Brjánn Ingason, fagottleikari, Sigrún Hjálmtýsdóttir, söngkona, Sigurður Bjarki Gunnarsson, sellóleikari, Símon H. Ívarsson, gítarleikari og Stefán Jón Bernharðsson, hornleikari.

Ritun í tónleikaskrá

Ritun texta í tónleikaskrá Ungra einleikara var í höndum einleikaranna sem koma fram á tónleikunum í kvöld fyrir utan textann um forleikinn sem kemur úr safni Sinfóníuhljómsveitarinnar.

Ljósmyndir í tónleikaskrá:

Grímur Bjarnason.

Daniel Raiskin

hljómsveitarstjóri



©Marco Borggreve

Daniel Raiskin ólst upp í Sankti Pétursborg og hlaut tónlistar-menntun sína þar bæði í víóluleik og hljómsveitarstjórn. Um tvítugt hélt Raiskin til framhaldsnáms í Amsterdam og Freiburg og stundaði nám í hljómsveitarstjórn hjá Levs Savich og sótti leiðsögn meðal annars hjá Mariss Jansons, Neeme Järvi og Jorma Panula.

Frá árinu 2005 hefur Raiskin verið aðalstjórnandi Rínarfílharmóníusveitarinnar í Koblenz og á árunum frá 2008 til 2015 gegndi hann sömu stöðu við Fílharmóníusveit Arturs Rubinstein í Lódz í Póllandi. Hann kemur reglulega fram sem gestastjórnandi með hljómsveitum í Evrópu, Asíu og Ameríku og má þar nefna Fílharmóníusveit Belgrad, Sinfóníuhljómsveit Düsseldorf, Sinfóníuhljómsveitina í Malmö, Mariinsky-hljómsveitina, Mozarteum-hljómsveitina í Salzburg, Útvarps-hljómsveitina í Prag og fílharmóníusveitirnar í Varsjá og Shanghai.

Raiskin hefur látið að sér kveða í óperuheiminum og stjórnaði Mozartóperunni *Don Giovanni* með Minsk-hljómsveitinni í Austurríki 2011 á St. Margarethen Opernfestspiele við góðan orðstír. Óperunni *Carmen* stýrði hann hjá þýska óperufélaginu Opera Zuid og í Þjóðarleikhúsi Koblenz þar sem óperan *Nefið*, eftir Shostakovitsj, hljómaði einnig undir hans stjórn.

Hljóðritanir Raiskins fyrir AVI-útgáfufyrirtækið með selló-konsertum eftir Korngold, Bloch og Goldschmidt ásamt Julian Steckel hlutu Echo Klassik-verðlaunin 2012 en nýlegar hljóðritanir, fyrir sama fyrirtæki, af sínfóníu nr. 3 eftir Mahler og sínfóníu nr. 4 eftir Shostakovitsj hafa hlotið lofsamlega dóma.

Daniel Raiskin kemur nú fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands í fyrsta sinn en á þessu starfsári þreytir hann einnig frumraun sína með Þjóðarhljómsveitinni í Belgíu, Sinfóníuhljómsveit Osaka og Sinfóníuhljómsveitinni í Basel.

Heiðdís Hanna Sigurðardóttir

einsöngvari



Heiðdís Hanna Sigurðardóttir er fædd 1990. Hún hóf sögnám hjá Guðrúnu Jóhönnu Jónsdóttur í Tónlistarskóla Garðabæjar fimmtán ára gömul og lauk þaðan framhaldsprófi vorið 2011. Hún hefur stundað nám á bakkalárstigi við Tónlistarháskólann í Freiburg í Þýskalandi síðastliðin þrjú ár hjá Angelu Nick. Meðfram söngnáminu kenndi hún íslensku í Háskólanum í Freiburg. Síðastliðið haust hóf hún nám í Listaháskóla Íslands og mun ljúka bakkalárnáminu þar. Kennarar hennar eru Þóra Einarsdóttir og Kristinn Sigmundsson. Í sumar kom Heiðdís Hanna fram á tónleikum Pearls of Icelandic Song í Kaldalóni í Hörpu.

Sigríður Hjördís Indriðadóttir

flautuleikari



Sigríður Hjördís Indriðadóttir er fædd árið 1992. Hún hóf nám í þverflautuleik við Tónlistarskóla Akraness tíu ára að aldri hjá Helgu Kvam. Seinna stundaði hún nám hjá Patrycja Szalkowicz, Hallfríði Ólafsdóttur, Emilíu Rós Sigfúsdóttur, Lieve Goossens og Aldo Baerten. Sigríður lék einleikskonsert með strengjasveit Tónlistarskólans í Reykjavík árið 2013 og lauk framhaldsprófi þaðan árið 2014. Sigríður hefur spilað með hljómsveit Tónlistarskólans í Reykjavík, Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Sinfóníuhljómsveit unga fólksins. Sigríður stundaði nám við Royal Conservatory of Antwerp árin 2014–2015 hjá Aldo Baerten en er nú í námi hjá Hallfríði Ólafsdóttur og Emilíu Rós Sigfúsdóttur við Listaháskóla Íslands. Sigríður hefur sótt fjölda meistaranámskeiða meðal annars hjá Stefáni Ragnari Höskuldssyni, Emily Beynon, Aldo Baerten, Peter Verhoyen, Robert Pot og Samuel Coles.

Jónas Ásgeir Ásgeirsson

harmonikkuleikari



Jónas Ásgeir Ásgeirsson er fæddur í Reykjavík 2. júlí 1993. Hann hóf tónlistarnám sitt í Tónskóla Eddu Borg níu ára gamall undir handleiðslu Guðmundar Samúelssonar sem hefur unnið gríðarmikið frumkvöðlastarf í klassískri harmonikkukennslu á Íslandi. Jónas var meðlimur í Harmonikkukvintettinum í Reykjavík undir stjórn Guðmundar sem kom víða fram og gaf m.a. út geisladisk. Jónas hefur þrisvar komist í úrslit Nótunnar, fyrst í flokknum frumsamin lög, síðan með kvintettinum sem hlaut ein af sigurveðlaununum og síðast í einleiksflokki. Hann lauk framhaldsprófi frá Tónskóla Eddu Borg 2013, fyrstur nemenda til að ljúka slíku prófi þaðan. Jónas stundar nú bakkalárnám í Konunglega danska konservatóríinu hjá Geir Draugsvoll, einum virtasta harmonikkukennara heims, en um þessar mundir eru þrír Íslendingar í námi hjá Geir. Jónas spilar á harmóníku af gerðinni Ballone Burini.

Ragnar Jónsson

sellóleikari



Ragnar er fæddur árið 1994 og hóf sellónám fimm ára gamall við Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar og lauk framhaldsprófi þaðan vorið 2010. Vorið 2013 útskrifaðist hann frá Listaháskóla Íslands. Aðalkennari hans var Gunnar Kvaran. Ragnar stundar núna nám við Tónlistarháskólann í Kaupmannahöfn hjá Toke Moldrup. Hann hefur sótt einkatíma og námskeið hjá Erling Blöndal Bengtsson, Hans Jorgen Jensen, Danjulo Ishizaka, Francis Gouton, Jacob Shaw o.fl.

Árið 2014 vann Ragnar Raphael Sommer-verðlaunin í keppni á vegum Raphael Sommer Music Foundation og nam s.l. vetur í París hjá Genevieve Teulieres við Ecole Normale de Musique. Ragnar hefur áður komið fram sem einleikari og flutti þá *Pezzo Capriccioso* eftir Tsjajkovskíj með Sinfóníuhljómsveit Tónlistarskólanna. Ragnar hefur komið fram á tónlistarhátíðum innanlands og utan og leikur reglulega nútímatónlist með Strengjasveitinni SKARK og Errata Collective.

Gioacchino Rossini

Ítalska stúlkan í Alsír



Það má segja að Gioacchino Rossini (1792–1868) hafi ríkt sem ókrýndur konungur hins ítalska tónlistarheims allt frá því að fyrsta verk hans, *La cambiale di matrimonio*, farsi í einum þætti, var sett upp á fjöllum San Moisé leikhússins í Feneyjum 1810. Farsæll ferill hans sem óperutónskáld var þó frekar stuttur en síðustu óperu sína, *Vilhjálmm Tell*, samdi hann í París árið 1829.

Það varð að einskonar skyldu fyrir alla betri tónlistarmenn, sem áttu leið um hina frönsku höfuðborg, að sækja Rossini heim annað hvort í hús hans í Passay eða í íbúð hans við Rue de la Chaussée d'Antin. Hann var annálaður gestgjafi, þekktur fyrir gott skopskyn og hafði sérstakt yndi af mat og matargerð.

Óperan *Ítalska stúlkan í Alsír* telst til betri gamanópera Rossinis. Óperan var samín á met tíma, aðeins 18 dögum, og var frumsýnd í Feneyjum 1813 við fádæma góðar viðtökur. Efni óperunnar byggir lauslega á þjóðsögunni um rússnesku ambáttina Roxelönu sem var keypt í kvennabúr Sulayman mikla, sóldáns (1494–1566). Í óperu Rossinis er það hinsvegar Isabella sem er aðalkvenhetjan. Hún verður ástfangin af ítalska þrælnum Lindoro sem er í eigu höfðingja nokkurs að nafni Mustafa. Mustafa hyggst sjálfur giftast Isabellu en ætlar Lindoro að giftast eiginkonu sinni Elviru. Allt fer vel að lokum og Isabella og Lindoro fá að eigast eins og vera ber í góðum ævintýrum.

Þótt margar af óperum Rossinis heyrist sjaldan í fullri lengd í dag lifa forleikir þeirra góðu lífi og eru aufúsugestir í tónleikasölum um allan heim.

Tónlistin á Íslandi

Ítalska stúlkan í Alsír heyrðist fyrst í meðförum hljómsveitarinnar undir stjórn írsku hljómsveitarstjórans Proinnsías Ó Duinn í Háskólabíói 1964. Forleikurinn hefur síðan hljómað á hverjum áratug á tónleikum Símfóníuhljómsveitarinnar ef undan er skilinn tíundi áratugur síðustu aldar. Sérstakra vinsælda hefur forleikurinn þó notið á ferðalögum hljómsveitarinnar um landið.

Gaetano Donizetti & Franz Lehár

aríur



Gaetano Donizetti (1797–1848) er einn mesti frumkvöðull ítölsku óperunnar. Hann mótaði bel canto-söngstílinn á fyrri hluta 19. aldar ásamt samtímamönnum sínum Bellini og Rossini. Donizetti fór ungur að semja óperur og samdi um sjötíu slík verk á ferlinum.

Hann öðlaðist heimsfrægð árið 1830 með óperunni *Anna Bolena en Ástardrykkurinn* (1832) og *Lucia di Lammermoor* (1835) báru hróður Donizettis einnig víða. Árið 1837 ákvað hann að setjast að í París þar sem hann samdi margar af sínum ástsælustu óperum. Í aríunni *Quel guardo il cavaliere* úr *Don Pasquale* er Norina í herberginu sínu og gerir grín að ástarsögu sem hún er að lesa – segist ekki trúá á ást við fyrstu sýn og að hún geti leikið alla þessa leiki og fengið karlmenn til þess að falla fyrir sér á augabragði. Í aríu Marie, *Chacun le sait*, úr óperunni *La fille du régiment* syngur hún um hina frægu frönsku herdeild nr. 21 sem að hennar mati er besta herdeildin í Frakklandi. Marie ólst upp hjá herdeildinni og gengu liðsmennirnir henni í föðurstað. Hún syngur aríuna fyrir hermennina sem hlusta stoltir og syngja með.

Franz Lehár (1870–1948) er þekktastur fyrir óperettur sínar. Í aríunni *Meine Lippen sie küssen so heiß* úr óperettunni *Giuditta* syngur aðalpersónan um að hún skilji nú ekki alveg af hverju allir heillist svona mikið af henni og hvaða töframáttur þetta sé sem að fólk tali um að hún hafi. Þegar líður að miðnætti þá byrjar hún öll að iða og getur ekki haldið aftur af danslönguinni. Hún hefur dansblóð í æðum og þegar hún stígur út á dansgólfið gleymir hún stund og stað og heillar bæði konur og karla upp úr skónum með sjarma sínum.

Heiðís Hanna

Carl Nielsen

flautukonsert FS 119



Danir líta upp til Niensens (1856–1931) líkt og Norðmenn til Griegs og Finnar til Sibeliusar. Nielsen er talinn eitt merkasta tónskáld Dana og einnig þekktur sem góður hljómsveitastjóri og fiðluleikari. Hann ólst upp í útjaðri Óðinsvéa á eyrni Fjóni. Systkinahópurinn var stór og voru foreldrar hans fátækir en þau lögðu bæði stund á tónlist. Faðir hans lék á fiðlu og kornet en móðir hans var söngkona og það hafði mikil áhrif á Nielsen sem barn. Sex ára fór hann að læra á fiðlu og snemma varð hann meðlimur í þjóðlagasveit föður síns og lék þar á kornet og básúnu.

Um tvítugt kynntist Nielsen Niels Gade skólastjóra Tónlistarháskólans í Kaupmannahöfn. Gade sá strax hvað í drengnum bjó og aðstoðaði hann við að hefja nám við skólann. Nielsen var þar frá 1884–1886 og auk þess að stunda nám í fiðluleik og tónsmíðum lagði hann stund á listasögu, heimspeki og fagurfræði.

Flautukonsertinn var saminn fyrir flautuleikarann Holger Gilbert Hespersen sem þótti einstaklega fær tónlistarmaður. Konsertinn er í tveimur köflum og einkennast þeir af leitinni að hinni réttu tóntegund sem finnst eftir nokkurt ferðalag. Flautan er í hlutverki hins greinda og slynga, á meðan hin hrjúfa og klunnalega básúna virðist hafa það eina markmið að flækjast fyrir. Þó fer svo að lokum að básúnan hittir á hina réttu tóntegund á endanum og allt endar farsælega.

Flautukonsertinn varð strax mjög vinsæll eftir frumflutning verksins árið 1926 í París og öðlaðist fljótt sess á meðal helstu blásarakonserta 20. aldarinnar.

Sigríður Hjördís

Tónlistin á Íslandi

Flautukonsertinn var fyrst fluttur af Bernharði Wilkinsyni undir stjórn Karolos Trikolidís í Háskólabíói 1984. Hallfríður Ólafsdóttir og Áshildur Haraldsdóttir fluttu konsertinn 1988, Hallfríður flutti konsertinn aftur 1996 og árið 2005 var Hafdís Vigfúsdóttir í hlutverki einleikarans. Stefán Ragnar flutti konsertinn 2013 undir stjórn Ashkenazys og 2014 flutti Björg Brjánsdóttir konsertinn á Ungum einleikurum undir stjórn Bernharðs Wilkinsonar.

Gunnar Valkare

Viaggio, konsert fyrir harmonikku og strengjasveit



Gunnar Valkare (1943) er sænskt tónskáld, hljóðfæraleikari, hljómsveitarstjórnandi, tónlistarfræðingur og kennslufræðingur. Hann hóf nám við Konunglega tónlistarháskólann í Stokkhólmi 1963. Þar lærði hann píanóleik, orgelleik, stjórnun og tónsmíðar m.a. hjá György Ligeti.

Hann sagði skilið við hinn vestræna tónlistarheim, vegna slæmrar útreiðar sem pólitískt umdeild kammerópera hans fékk, og hélt árið 1969 í námsleiðangur til Austur-Afríku. Þar prófaði hann sig áfram með afrísk hljóðfæri og tónlist. Úr þessu starfi varð til hljómsveitin Návgröt. Sveitin var starfrækt frá 1975–1984 og hélt tónleika í Svíþjóð og Íslandi, gaf út plötu og framleiddi barnabátt. Við lok níunda áratugarins sneri hann sér aftur að vestrænni tónlist og vann fyrstu verðlaun í tónsmíðakeppni sem var haldin samsíða Skandinavísku tónlistarhátíðinni í Gautaborg 1989. Hann hefur alltaf haft mikinn áhuga á tónlistarheimspeki og mannfræði og hlaut doktorsgráðu í tónlistarfræði 1996. Hann hefur einnig skrifað nokkrar fræðibækur um tónlist.

Harmonikkukonsertinn *Viaggio* samdi hann sumarið 1996. Upprunalega var verkið hugsað sem minningarverk um ferð hans til Frakklands árið 1965 með vini. Þeir ferðuðust með lest til Parísar og voru þar í nokkra daga en héldu síðan til Loiredalsins og hjóluðu um sveitirnar. Þar hitti hann stelpu og úr varð stutt en ákaft samband sem hann hefur aldrei gleymt. Móðir hans lést meðan hann var að skrifa verkið og því setti hann í konsertinn laglínu úr lagi sem hún söng oft fyrir hann í barnæsku, *Björkens visa (Visa bjarkarinnar)*. Hluta af henni má heyra í harmonikkunni í öðrum kafla, strengjunum í síðasta kafla konsertsins en einna helst í lokatöktum hans, þar sem harmonikkann spilar þessa gullfallegu laglínu óbreytta, að undanskildum lokatóninum. Síðan lýkur verkinu á tveimur nótum sem skiptast á og tákna kveðjukall Gunnars til móður sinnar meðan hún siglir út í alheiminn.

Jónas Ásgeir

Tónlistin á Íslandi

Verk eftir sænska tónskáldið Gunnar Valkare hljómar nú í fyrsta sinn á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Eitt kórverka Valkares var flutt í Kristskirkju, Landakoti á Norrænu kirkjutónlistarmóti í Reykjavík sumarið 1970 og árið 1976 kom Valkare á Listahátíð og stóð fyrir tónlistarsmiðju á Kjarvalsstöðum.

Edward Elgar

Sellókonsert í e-moll, op. 85



Edward Elgar (1857–1934) fæddist í Broadheath, litlu þorpi nálægt borginni Worcester í Englandi. Faðir hans rak tónlistar- og nótnabókabúð og vann einnig sem píanóstillir. Elgar sótti fiðlu- og píanótíma en var að mestu sjálfmenntaður sem tónskáld. Þótt oft sé talað um Elgar sem þjóðlegasta tónskáld Englendinga, þá varð hann umfram allt fyrir áhrifum frá miðevrópskum tónsmiðum, s.s. Brahms. Honum fannst hann sjálfur oft vera utangarðsmaður í ensku samfélagi.

Veturinn 1918–1919 byrjaði Elgar að semja sellókonsertinn og lauk verkinu í ágúst 1919. Sellókonsertinn er síðasta stóra verkið sem hann samdi. Í dagbók sinni segir kona hans:

„E er búinn að semja yndislegt nýtt verk, ólíkt öllum öðrum sem hann hefur samið hingað til.“ Sjálfur sagði Elgar: „verulega stórt verk sem mér finnst gott og lifandi“. Spurður um meiningu verksins sagði höfundur: „viðhorf manns til lífsins“.

Tónlistin á Íslandi

Sellókonsert Elgars hefur hljómað alloft í meðförum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Erling Blöndal Bengtsson flutti konsertinn fyrstur með SÍ árið 1973 undir stjórn Jean-Pierres Jacquillat. Meðal annarra sem flutt hafa konsertinn með hljómsveitinni eru Julian Lloyd Webber undir stjórn Ricos Saccani árið 1998 og Steven Isserlis undir stjórn Rumons Gamba árið 2005. Sellókonsert Elgars hljómaði 2013 með Sæunni Þorsteinsdóttur og Ungsveit SÍ undir stjórn Petris Sakari en síðast heyrðist hann 2014 á Ungum einleikum þar sem Steiney Sigurðardóttir var í hlutverki einleikarans.

Á þessum tímamarki var Elgar 61 árs, tekið að hausta í lífi hans, staðreynd sem endurspeglast í verkinu. Það er bæði innhverft, hlutbundið og ihugult, og algjörlega laust við allan íburð. Hér er hljómsveitin í óvenjulega hófstílltu hlutverki, tónvefurinn er gegnsær og má segja að sellókonsertinn sé einn af merkustu tónsmíðum Elgars. Konsertinn var frumfluttur 1919 í London af Felix Salmond ásamt Sinfóníuhljómsveit Lundúna undir stjórn Elgars.

Fyrsti kafli verksins er meira og minna í sönötuformi, hefst með alvöruþrungnu sönglesi sem leiðir yfir í hið síendurtekna aðalstef. Annar kaflinn, sem er algjör andstæða fyrsta kaflans, er fantasíukennt scherzo. Hægi kaflinn er aðeins 60 taktar, en ber stíl Elgars ríkt vitni, kyrr, ljóðrænn og ástríðufullur. Lokakaflinn er hugmyndaríkt rondó þar sem fyrri stef og tónefni skjóta upp kollinum, í bland við ný stef. Konsertinn er innrammaður í bak og fyrir af sama stefi og lýkur með fjórum eindregnum áhersluhljómunum.

Ragnar

Á döfinni

Osmo og Mahler

Fim. 21. jan. » 19:30



Bandaríski fiðluleikarinn Esther Yoo vakti athygli tónlistarheimsins árið 2010 þegar hún varð yngst til þess að hreppa verðlaun í Sibeliusar-fiðlukeppninni, aðeins 16 ára gömul. Í kjölfarið tók Vladimir Ashkenazy hana undir verndarvæng sinn, hefur haldið með henni tónleika og gefið út geisladisk.

Vänskä hefur fyrir löngu sannað afburðatök sín á tónlist Mahlers og túlkun hans á fyrstu símfóníunni er mikið tilhlökkunarefni. Þá hljóma á tónleikunum þrjár stuttar tónamyndir Jóns Leifs frá árinu 1955.

Osmo Vänskä *hljómsveitarstjóri*

Esther Yoo *einleikari*

Ný föstudagsröð í Norðurljósum



Í mars hefur göngu sína ný og fersk tónleikaröð í Norðurljósum undir stjórn Daníels Bjarnasonar hljómsveitarstjóra og staðarlistamanns Símfóníuhljómsveitar Íslands. Á tónleikunum teflir Daníel saman fullvaxta hljómsveitarverki og einleiksverki sem þó eiga sitt hvað sameiginlegt. Tónleikarnir sem eru klukkustundarlangir og hefjast kl. 18 eru tilvalinn upptaktur að skemmtilegu kvöldi eða lokahnykkur á vinnuvikunni. Miðaverði er stillt í hóf og einnig er hægt að kaupa áskriftarkort að röðinni.

Meistarar laglínunnar 4. mars

Hafið, hafið ... 1. apríl

Tímamótaárið 1910 6. maí

Hljómsveit á tónleikum

14. janúar 2016

1. FIÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Pálína Árnadóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Ágústa María Jónsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Rósa Hrund Guðmundsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Mark Reedman
Margrét Kristjánsdóttir
Andrzej Kleina

2. FIÐLA

Roland Hartwell
Christian Diethard
Kristján Matthíasson
Ingrid Karlsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Kristín Björg Ragnarsdóttir
Þórdís Stross
Hlín Erlendsdóttir
Greta Guðnadóttir
Dóra Björgvinsdóttir

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Jónína Auður Hilmarsdóttir
Kathryn Harrison
Móeiður Sigurðardóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Guðrún Hrund Harðardóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson

SELLÓ

Hrafnkell Orri Egilsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Júlía Mogensen
Lovisa Fjeldsted
Ólöf Sigursveinsdóttir

BASSI

Hávarður Tryggvason
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Hallfriður Ólafsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Fanny Kloeveborn
Peter Tompkins

KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Brjann Ingason
Rúnar Vilbergsson

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Joseph Ognibene
Þorkell Jónsson
Lilja Valdimarsdóttir

TROMPET

Einar Jónsson
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Nimrod Ron

HARPA

Katie Buckley

PÁKUR

Eggert Pálsson

SLAGVERK

Frank Aarnink
Árni Áskelsson

Arna Kristín Einarsdóttir framkvæmdastjóri
Árni Heimir Ingólfsson listrænn ráðgjafi
Margrét Sigurðsson fjármálafulltrúi
Grimur Grimsson sviðsstjóri

Anna Sigurbjörnsdóttir tónleikastjóri
Hjördis Ástráðsdóttir fræðslustjóri
Kristbjörg Clausen nótna- og skjalavörður
Sigbór J. Guðmundsson sviðsstjóri

Margrét Ragnarsdóttir markaðs- og kynningarstjóri
Greipur Gíslason verkefnastjóri
Una Eyþórsdóttir mannauðsstjóri
Jökull Torfason umsjónarmaður nótna



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Glænýtt skólakort

Gott sæti á besta verðinu á tónleikadegi



Nú býður Sinfóníuhljómsveitin námsmönnum yngri en 25 ára upp á nýtt kort sem kallast Skólakortið.

Með því að sækja kortið í miðasölu Hörpu geta handhafar þess keypt miða á tónleikadegi á almenna tónleika Sinfóníunnar á **1.700 kr.** Hægt er að kaupa miða hvar sem er í salnum á þessu frábæra verði, allt eftir því hvað er laust.



@icelandsymphony #sinfó

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA



Kvikmyndatónleikar

Jóhann Jóhannsson

Fim. 17. mars » 20:00

Tryggið ykkur miða

Jóhann Jóhannsson: Tónlist úr *The Theory of Everything* og *Prisoners*

Jonny Greenwood: Tónlist úr *There Will Be Blood*




Mica Levi: Tónlist úr *Under the Skin* auk kvikmyndatónlistar eftir John Williams

Adrian Prabava hljómsveitarstjóri

Jóhann Jóhannsson telst nú til helstu kvikmyndatónskálda samtímans. Hann hlaut Golden Globe-verðlaunin og var tilnefndur til Óskarsverðlauna og BAFTA verðlauna á síðasta ári fyrir bestu frum-sömdu tónlist í bresku stórmyndinni *The Theory of Everything*. Þá hlaut hann nýlega tilnefningu til Grammy verðlauna fyrir sömu mynd.

Á þessum tónleikum verða frum-fluttar nýjar hljómsveitarsvítur með tónlist hans úr *The Theory of Everything*, sögunni um líf Stephens Hawking og *Prisoners* með Hugh Jackman og Jake Gyllenhaal í aðal-hlutverkum.

Auk þess hefur Jóhann sjálfur valið efnisskrá með eftirlætisverkum sínum, bæði vel og minna þekktum gullmolum kvikmyndanna.

   @icelandsymphony #sinfó

Miðasala » www.sinfonia.is » www.harpa.is » Sími: 528 5050 » Opið 10-18 virka daga og 12-18 um helgar